

Áttundi fundur haldinn í Laugargerði 14. Júní 2017 kl. 20:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Halldór Jónsson, Herdís Þórðardóttir, Atli Sveinn Svansson og Harpa Jónsdóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Þá leitaði hann frávika frá fundarboði vegna gestastofu á Breiðabliki. Samþykkt.

Dagskrá:

1. Málefni Brákarhlíðar – Björn Bjarki framkvæmdarstjóri kom á fundinn og greindi frá stöðu dvalarheimilisins. Tekjur hafa hækkað meira en gjöld milli ára. Afkoma var jákvæð um 11 miljónir. Atli Sveinn varð að hverfa af fundi og í hans stað mætti Halldór Sigurkarlsson. Nokkrar umræður urðu um dvalarheimilið. Oddviti þakkaði Bjarka komuna og hann kvaddi.
2. Gestastofa á Breiðabliki. Ragnhildur kom á fundinn og kynnti stöðu mála. Rætt var um að koma verkefninu af stað sem fyrst þó ekki yrði nema að hluta. Oddviti þakkaði Ragnhildi og hún hvarf af fundi, Atli Sveinn kom aftur á fundinn.
3. Framtíðarsýn fyrir Eyja og Miklaholtshrepp. Oddviti flutti inngang og talaði um að skoða þyrfti ýmsa kosti áður en farið er að ræða eina leið. Rætt málið fram og aftur og sýnist sitt hverjum. Attkvæði voru greidd um erindi Gísla og Valgarðs um greiningarvinnu og féllu þannig að 3 voru á móti því að taka þátt í greiningarvinnu vegna sameiningar við Helgafellssveit, Grundarfjörð og Stykkishólm en tveir meðmæltir. Eggert, Hefa og Atli voru á móti en Halldór og Harpa meðmælt.

Bókun. Undirritaðir hreppsnefndarmenn harma að ekki hefur verið tekið tillit til vilja þeirra íbúa sveitarfélagsins sem vilja að sveitarstjórn taki þátt í þeirri greiningarvinnu sem nú er að hefjast milli Helgafellssveitar, Grundarfjarðarbæjar og Stykkishólmsbæjar um sameiningu/samstarf sveitarfélaganna. Greiningarvinnu sem hefði varpað skýrara ljósi á kosti og galla sameiningar fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp. Íbúar sveitarfélagsins hefðu alltaf haft síðasta orðið um þá framvindu. Halldór Jónsson og Harpa jónsdóttir,

Oddviti leggur fram eftirfarandi bókun.

Þegar á að fara að skoða framtíðarsýn vegna samfélaga er mjög mikilvægt að fara vel yfir alla hluti enda skiptar skoðanir á þessum málum og afar mikilvægt að vanda vel til verka og hleypa öllum sjónarmiðum að með lýðræðislegum hætti.

Ljóst er að Eyja og Miklaholtshreppur er í þeirri sérstöðu að við höfum 4 möguleika í stöðunni. Vera sjálfstætt sveitarfélag áfram, fara inn í samtalið við Grundarfjörð, Stykkishólm og Helgafellssveit, skoða hlutina með Snæfellsbæ eða Borgarbyggð.

Mikilvægt er að greina og skoða möguleikanna sem eru í stöðunni, hvar liggja tengingar og samlegðaráhrif við nágrannana okkar og hvar við viljum hellst vera með sem mest samstarf í framtíðinni.

Oddviti leggur til að SSV verði fengið til að gera samantekt á því hvar snertifletir og tengingar eru við önnur sveitarfélög og taka saman í framhaldi hvaða kostir eru í stöðinni fyrir okkur. Í framhald af því færri fram samtal við íbúa. E.K, H.Þ og A.S.S samþykkt. H.J og H.J sátu hjá.

4. Bréf frá Jófríði Gísladóttur og Gísla Guðmundssyni. Oddviti greindi frá því sem málið varðar og lagði fram eftirfarandi bókun.

Fyrir liggur að upphaflegt bréf Persónuverndar frá 6. júlí 2016, þar sem tilkynnt er um kvörtun Jófríðar Kristjönu Gísladóttur, er stílað á *Eyja- og Miklaholtshrepp* og *Krístínu Björk Guðmundsdóttur skólastjóra*. Í bréfinu er vísað til kvörtunar varðandi miðlun persónuupplýsinga í tengslum við meðferð eineltismáls *hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess*.

Þá liggur fyrir að rekstur Laugargerðisskóla er á ábyrgð sveitarfélagsins og skólastjórinn starfsmaður þess. Sveitarfélagið ber samkvæmt lögum ábyrgð á heildarskipan skólalags í grunnskóla hreppsins, sbr. ákvæði 5. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008. Það er í samræmi við þá staðreynd að erindi Persónuverndar vegna málsins var beint að hreppnum og skólastjóra. Eins og áður hefur komið fram er það afstaða sveitarfélagsins að rétt hafi verið að leita aðstoðar lögmans vegna málsins, sem og að sveitarfélagið stæði straum af þeim kostnaði.

Það er réttur hvers og eins að leita réttar síns en jafnljóst að þegar það er gert er nauðsynlegt að bregðast við því af hálfu sveitarfélagsins. Það er ekki hlutverk lögfræðinga stéttarféлага að verja sveitarfélagið vegna kvartana sem berast og varða skólalag, enda ber sveitarfélagið ábyrgð á slíku að lögum.

Það er ljóst að lögfræðikostnaður sveitarfélagsins var um kr. 470.000,- vegna þessa máls og ljóst að lögfræðikostnaður sveitarféлага almennt fer vaxandi og á það líka við um Eyja og Miklaholtshrepp.

Eftir að niðurstaða Persónuverndar, sem var Laugargerðisskóla í vil, lá fyrir í janúar síðastliðnum hafa Gísli og Jófríður kallað eftir upplýsingum um lögfræðikostnað sveitarfélagsins. Hefur oddviti veitt Gísla umbeðnar upplýsingar t.d. með því að senda afrit af reikningum vegna lögfræðikostnaðar sveitarfélagsins vegna málsins. Jafnframt hefur fyrirspurnum um annað, s.s. verklagsreglum verið svarað. Því er með öllu óljóst hvaða frekari upplýsingar unnt er að veita sem skýra málið.

Oddvita falið að svara bréfi Gísla og Jófríðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Harpa Jónsdóttir (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Atli Sveinn Svansson (sign)
Halldór Sigurkarlsson (sign)
Herdís Þórðardóttir (sign)
Eggert Kjartansson (sign)